

Reykjavík 25.2.2016

Skýrsla stjórnar starfsárið 2015

Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörf í UT hjá SKÝ, skýrsla stjórnar starfsárið 2015

Aðalfundur hópsins var haldinn samhliða aðalfundi SKÝ þann 26. Febrúar 2015. Sitjandi stjórn gaf kost á sér til endurkjörs nema hvað Rakel Sölvadóttir tók sæti Árdísar Ármannsdóttur.

Stjórn hópsins skipuðu:

- Hallgrímur Arnalds, Háskólanum í Reykjavík,
- Guðmundur Pálmason, Promennt,
- Ólafur Sólimann, Epli.is,
- Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir, Locatify,
- Anna Kristjánsdóttir, Háskóla Íslands,
- Sigrún Gunnarsdóttir, Wise og
- Rakel Sölvadóttir, Skema.

Markmið faghópsins eru í samræmi við markmið móðurfélagsins og felast m.a. í:

- að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um menntun og fræðslumál í tölvugeiranum
- að hvetja til samstarfs og þekkingarmiðlunar milli atvinnulífsins, skóla og stjórnvalda
- að hvetja til fræðistarfa um UT
- að efla tengslamyndun jafnt innan fagsins sem út fyrir það, s.s. skóla og almennra fyrirtækja og stofnana
- að stuðla að aukinni fræðslu og fagmennsku í UT-menntun
- að leitast við að efla notkun íslenskrar tungu við umfjöllun í menntun og fræðslu
- að auka gæði og framboð í tölvumenntun á öllum skólastigum
- að auka vitund um hlutverk og nýtingu UT í námi og

Störf faghópsins á árinu

Einn hádegisverðarfundur var haldin árið 2015 á vegum hópsins.

25. mars 2015 var haldinn fundur með yfirskriftinni „Endurmenntun með upplýsingatæknina að vopni “. Rætt var um endurmenntun hjá fyrirtækjum. Farið var yfir helstu áskoranir fræðslustjóra og skoðað hvernig fyrirtæki glíma við þær og nýta til þess upplýsingatæknina. Rætt var um starfssamfélög á netinu (e. Communities of practise) og hvernig starfsmenn geta tekið ábyrgð á eigin fræðslu. Farið var yfir nokkrar lausnir sem standa fyrirtækjum til boða ásamt því að hlýtt var á reynslusögur frá fyrirtækjunum Microsoft á Íslandi og Marel. Alastair Creelmann frá Linnaeus University í Svíþjóð fór að lokum yfir ýmsa möguleika í notkun fjarfundabúnaðar í fjarnámi jafnt innan fyrirtækja sem skólaveggja.

Þann 10. desember 2015 var haldinn ráðstefna í samstarfi við Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Námsbrautar um nám fullorðinna við Háskóla Íslands, Kvasis, Norræna tengslanetsins um nám fullorðinna (NVL) og 3f – Félags um upplýsingatækni og menntun. Ráðstefnan bar yfirskriftina „Kennum þeim að læra“.

Umfjöllunarefnið var hlutverk fullorðinsfræðara sem ber að haga vinnu sinni þannig að þátttakendur verði færari í því að læra upp á eigin spýtur og að þátttaka í fullorðinsfræðslu stuðli að því að þátttakendur verði færir „ævi-námsmenn“, færir um að læra sjálfir, sjálfstætt.

Viðburðirnir tókust báðir mjög vel og voru vel sóttir.

Í mars 2015 sótti Sigrún Gunnarsdóttir fund á vegum CEPIS - Computing in Schools. Fundurinn var haldinn í Brussel þann 20.mars. Þar kom fram að mikill pólitískur áhugi er víða í Evrópu á að auka hæfni fólks/nemenda til þess að kóða. Ýmiss verkefni tengd því hafa hlotið brautargengi og hafa þau verið leidd af stjórnvöldum þessara landa og stundum í samstarfi við ýmiss UT fyrirtæki. Einnig var mikið rætt um “Computational thinking” og mikilvægi þess að kenna þessa hugsun strax í grunnskóla. Áhugi er fyrir því að fylgjast með og vera þátttakendur þessum starfshóps innan CEPIS.

Lokaorð

Stjórn faghópsins þakkar stjórn Ský og framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf á árinu. Einnig þökkum við fyrirlesurum og fundarstjórum fyrir þeirra framlag, svo og félagsmönnum og öðrum sem sótt hafa fundi eða lagt faghópnum lið með öðrum hætti.

Reykjavík 23. febrúar 2016

Fyrir hönd stjórnar,
Sigrún Gunnarsdóttir